

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 916 (29.8.2019) - Starfs- og fjárhagsáætlun 2020 og þriggja ára áætlun 2021-2023; Drög að fjárhagsramma 2020

Málsnúmer : 201905027
Málsaðili : Fjármála- og stjórnsýslusvið
Niðurstaða (stutt) : Vísað áfram
Fundardagur : 29.08.2019

Inngangur : Á 915. fundi byggðaráðs þann 22. ágúst 2019 var eftirfarandi bókað:
"Á 913. fundi byggðaráðs þann 25. júlí s.l. var vinna við starfs- og fjárhagsáætlun 2020 og þriggja ára áætlun 2021-2023 til umfjöllunar. Sveitastjóri kynnti á fundinum hugmyndir að álagningu fasteignagjalda, breytingar á gjaldskrár og álagningu útsvars fyrir árið 2019 vegna vinnu við forsendur fjárhagsáætlunar 2019. Til umræðu fjárhagsrammi 2020, einstök verkefni, framkvæmdir og áherslur í rekstri sveitarfélagsins. Lagt fram til kynningar. "

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs og sveitarstjóri kynntu drög að fjárhagsramma fyrir árið 2020 og þeim forsendum er liggja að baki, sbr. eftirfarandi vinnugögn:

- a) Forsendur rammaáætlunar í NAV fjárhagsáætlunarkerfi.
- b) Einskiptisverkefni inn og út.
- c) Viðaukar ársins 2019 sem teknir eru út úr ramma 2020.
- d) Launaáætlun 2020 unnin af launafulltrúa skv. þarfagreiningu launa frá stjórnendum. Samanburður við launaáætlun 2019 með samþykktum viðaukum.
- e) Áætlun stöðugildi 2020 í samanburði við árið 2019 skv. launaáætlunum.

Til umræðu ofangreint.

Niðurstaða : Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að fela sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs og sveitarstjóra að vinna áfram að ofangreindum drögum á milli funda byggðaráðs.